



Febrúar 2022

Ágætu félagar

Fimmtudaginn 24. febrúar verður næsti örfundur félagsins. Fundurinn verður í umsjón formanns félagsins og er yfirskrift hans Er skólinn minn uppbyggingaskóli? Um er að ræða rafrænan fund sem hefst kl. 15:00 og er slóðin inn á hann komin á Facebook síðu félagsins. Síðasti örfundur þessa skólaárs verður síðan 31. mars en hann verður í umsjón Nada Borosak list- og verkgreinakennara í Álftanesskóla. Eins og fyrr hefjast örfundirnir okkar á stuttu innleggi sem er tekið upp (ca. 10 mín.) og síðan verður orðið laust fyrir spurningar og vangaveltur.

Gaman verður að sjá ykkur sem flest á fundinum og ég bið ykkur sem fáíð þennan póst að láta sem flesta vita.

Stjórn félagsins er þessa dagana að skipuleggja sumarnámskeið og verða þau auglýst á vordögum

Aðalfundur félagsins verður miðvikudaginn 27. apríl kl. 16:30 og verður auglýstur betur síðar. Ef félagsmenn hafa hug á að leggja fram tillögur um lagabreytingar þá þurfa þær að berast stjórn bréflaga/tölvupóstur eigi síðar en 1.apríl.

Mig langar að lokum að minna á orð Diane Gossen þar sem hún segir: Haltu því sem þú kannt en bættu við nýrri þekkingu og færni til að verða betri manneskja Að sjálfsögðu getur enginn ætlað öðrum að klífa tindinn ef þú ert ekki sjálf/sjálfur tilbúinn að klífa hann einnig.

Gangi ykkur vel í uppbyggjandi og jákvæðum störfum ykkar.

Með bestu kveðjum f.h. stjórnar

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, formaður félagsins Uppbygging sjálfsaga